


Leiðbeiningar um auglýsingarskyldu starfsleyfa



Leiðbeiningar um auglýsingarskyldu starfsleyfa

Júní 2025

Útgefandi: Umhverfis- og orkustofnun

Útgáfunúmer: UOS-2025:20

Suðurlandsbraut 24 Rangárvellir 2
108 Reykjavík 603 Akureyri

Sími 569 6000

www.uos.is

Leiðbeiningar þessar eru ætlaðar fyrir heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa og fjalla um framkvæmd auglýsinga vegna erinda er varða starfsleyfi. Með útgáfu leiðbeininganna er stefnt að því að stuðla að samræmis á öllu landinu og ber heilbrigðisnefndum að fylgja þessum leiðbeiningum, sbr. 52. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Til að starfrækja vissar tegundir atvinnurekstrar, verða rekstraraðilar að sækja um starfsleyfi hjá útgefanda starfsleyfis, þ.e. annað hvort frá Umhverfis- og orkustofnun eða heilbrigðisnefndum. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 gefur Umhverfis- og orkustofnun út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauka I og II, sbr. þó 7. gr. a og 8. gr., og fyrir starfsemi sem staðsett er á hafi utan sveitarfélagamarka. Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauka IV, sbr. þó 7. gr. a og 8. gr. laganna.

Með auglýsingu er almenningi og hagsmunaaðilum tryggður réttur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en endanleg ákvörðun er tekin. Ákvæði laga nr. 7/1998 um auglýsingu eru nátengd meginreglu stjórnsýsluréttar um andmælarétt, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í lögum nr. 7/1998 er gerð sú formkrafa að athugasemdum beri að skila skriflega.

Í lögum nr. 7/1998 er útgefanda starfsleyfis veitt heimild til að birta auglýsingar á vefsíðu sinni sem telst vera opinber birting og er því ekki þörf að birta auglýstar tillögur með öðrum hætti s.s. í Lögbirtingablaðinu eða dagblaði. Þá skal útgefandi starfsleyfis birta útgefin, endurskoðuð, breytt og framlengd starfsleyfi á vefsíðu sinni.

Útgáfa nýrra starfsleyfa

Í 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er mælt fyrir um útgáfu starfsleyfa. Lögð er skylda á útgefanda starfsleyfis að auglýsa tillögu að starfsleyfi opinberlega þar sem gerð er grein fyrir hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Útgefandi starfsleyfis skal síðan, innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út, taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim sem hafa gert athugasemdir tilkynnt um afgreiðsluna. Þá skal birta auglýsingu um útgáfu starfsleyfisins og gildistöku þess en birting á vefsíðu útgefanda starfsleyfis telst opinber birting. Starfsleyfum skulu fylgja greinargerð þar sem m.a. skal gerð grein fyrir afstöðu útgefanda starfsleyfis til athugasemda sem bárust, sbr. 10. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 og 6. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 hollustuhætti.

Endurskoðun starfsleyfa

Útgefandi starfsleyfis skal endurskoða starfsleyfi reglulega, a.m.k. á 16 ára fresti, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfi skulu útgefin til tiltekins tíma skv. lögnum og eru leyfi útgefin af heilbrigðisnefnd almennt gefin út til 12 ára og af Umhverfis- og orkustofnun til 16 ára. Í lögum nr. 7/1998, reglugerð nr. 550/2018 og reglugerð nr. 903/2024 er nánar mælt fyrir um heimild og skyldu til endurskoðunar

starfsleyfis t.d. vegna breyttra forsendna, birtingu nýrra BAT-niðurstaðna eða vegna umfangsmikillar breytingar á starfsemi.

Endurskoðun starfsleyfis felst einkum í að uppfæra starfsleyfisskilyrði s.s. vegna breytts umfangs, uppfærðra eða nýrra krafna, uppfærðra laga- og reglugerðartilvísana og framlengds gildistíma leyfis. Ef endurskoðun á starfsleyfi leiðir til breytinga á starfsleyfisskilyrðum skal útgefandi starfsleyfis auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Almennt fylgir endurskoðuðu starfsleyfi greinargerð þar sem m.a. er gerð grein fyrir afstöðu útgefanda starfsleyfis til athugasemda sem bárust. Birta skal endurskoðuð starfsleyfi á heimasíðu útgefanda, sbr. 6. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998.

Breytingar á starfsleyfum

Rekstraraðili skal upplýsa útgefanda starfsleyfis um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið. Útgefandi starfsleyfis skal endurskoða starfsleyfi, sbr. 6. gr., eftir því sem við á. Breyting á starfsemi kallar ekki ávallt á endurskoðun starfsleyfisins í heild en minni háttar breytingar á starfsleyfi geta verið samþykktar með ákvörðun án endurskoðunar leyfisins í heild. Þá er útgefanda starfsleyfis heimilt að breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsenda, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ef breyting á starfsleyfi leiðir til breytinga á starfsleyfisskilyrðum skal útgefandi starfsleyfis auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Handhafabreytingar/Framsal starfsleyfis

Starfsleyfi eru gefin út á tiltekinn aðila, þ.e. kennitölu aðilans. Þær aðstæður geta komið upp að þörf sé á að breyta handhafa starfsleyfisins, þ.e. á þeirri kennitölu sem starfsleyfið er skráð á, t.d. vegna breytinga innan rekstursins, yfirtöku eða samruna félags.

Handhafabreytingar eru breytingar á starfsleyfum og eru þær heimilar, sbr. 14. gr. laga nr. 7/1998. Þar sem handhafabreyting felst aðeins í breytingu á handhafa starfsleyfisins, þ.e. kennitölu og eftir atvikum nafni, er slík breyting ekki talin vera breyting á starfsleyfisskilyrðum. Starfsleyfisskilyrði eru skilgreind í 38. tl. 3. gr. reglugerðar nr. 550/2018 sem viðmiðunarmörk fyrir losun eða önnur skilyrði, a.m.k. innan atvinnugeira, sem eru samþykkt í þeim tilgangi að þau séu notuð beint til að setja skilyrði fyrir leyfi. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 skal auglýsa starfsleyfi ef breyting er gerð á starfsleyfisskilyrðum. Þar sem ekki er gerð breyting á starfsleyfisskilyrðum með handhafabreytingu, þarf ekki að auglýsa slíka breytingu.

Framlenging starfsleyfa

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að framlengja gildistíma starfsleyfis á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi borist útgefanda, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Um er að ræða undanþáguheimild sem gert er

ráð fyrir að verði aðeins notuð í undantekningartilvikum til þess að bregðast við sérstökum aðstæðum. Gert er ráð fyrir því að leyfishafi sæki tímanlega um nýtt starfsleyfi og það sé sömuleiðis gefið út tímanlega. Hvorki í lögum nr. 7/1998 né reglugerðum settum samkvæmt þeim er sérstaklega gerð grein fyrir auglýsingu framlengingar. Ákvörðun um framlengingu starfsleyfa er stjórnvaldsákvörðun og eiga málsmeðferðarreglur stjórnarsýsluréttarins því við. Þannig verður að gæta að meginreglu stjórnarsýsluréttar um andmælarétt, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 með því til dæmis að veita nágrönnum kost á að tjá sig um efni málsins áður en ákvörðun er tekin.